



Kostnaðargreining á almennu dagdvalarrými árið 2018

Formáli

Rekstur dagdvalar fyrir aldraða stendur höllum fæti en nú er fyrirhugað að gera rammisamning við þjónustuaðila og m.a. í þeim tilgangi er verið að endurskoða kröfulýsingu fyrir þessa þjónustu bæði almenna og sérhæfða dagdvöl aldraðra. Hér er því reynt að stilla upp rekstraryfirliti fyrir almenna dagdvöl til þess að ná utan um raunhæfan grunnrekstrarkostnað sem byggir á þessari nýju kröfulýsingu. Settur er upp rekstrarreikningur fyrir almennt dagdvalarrými. Áætlunin er unnin út frá upplýsingum frá 6 rekstrarreiningum til þess að fá eins raunsanna mynd af rekstrinum eins og hægt er. Tvö dæmi eru sett upp í áætlun sem sýna 8 rými og 30 rými. Miðað er við 100% nýtingu á plássum og að 30 rýma einingin sé sjálfstæð. Dálkarnir tveir lengst til hægri sýna svo hvernig daggjaldið fyrir slíka þjónustu myndast. Eins og yfirlitið sýnir að þá er verulegur munur á rekstrarhagkvæmni þessara tveggja eininga. Mjög algengt er að þessar minni einingar séu á landsbyggðinni. Samkvæmt þessum niðurstöðum vantar um 30% til viðbótar daggjaldinu eins og það er í dag (kr. 6.895) til þess að endar nái saman í þessari áætlun þegar horft er á 30 rýma eininguna. Mun meiri hækkun þarf til vegna minni einingarinnar. Húsnæðiskostnaður er utan áætlunar og hafður sér, þar sem sérstaklega þarf að skoða þann þátt. Húsnæðisgjald sem greitt hefur verið fram að þessu er kr. 348 og hefur miðast við 365 daga á meðan daggjöld miðast við 250 daga á ári.

Þegar horft er til húsnæðiskostnaðar verður þörf fyrir hækkun daggjaldsins umtalsvert meiri þegar miðað er við húsaleigu samkvæmt okkar upplýsingum eða um 40% ofan á grunddaggjaldið í okkar útreikningi.

Heildaryfirlit áætlunar.

			Stærð dagdvalar			8	30	
	Grunnur		8		30	Daggjald	Daggjald	
Fjöldi dagdvalardaga ársins	250		2000		7500			
GJÖLD								
Launakostnaður í umönnun:								
Hjúkrunarfræðingar	1,00	11.583.840	0,10	1.158.384	0,30	3.475.152	579	463
Sjúkraliðar	1,00	7.475.889	0,60	4.485.533	1,00	7.475.889	2.243	997
Félagsliðar	1,00	7.129.815	0,46	3.279.715	1,00	7.129.815	1.640	951
Starfsfólk í aðhlyningu	1,00	6.199.839	0,30	1.859.952	1,00	6.199.839	930	827
Samtals launakostnaður í umönnun			1,46	10.783.584	3,30	24.280.696	5.392	3.237
Lækniskostnaður			0,00	0	0,00	0	0	0
Fæðiskostnaður			0,00	3.116.000	0,00	11.685.000	1.558	1.558
Hádegisverður		1.133		2.266.000		8.497.500	1.133	1.133
Morgunverður og kaffimeðlæti		425		850.000		3.187.500	425	425
Ræsting			0,10	688.268	0,35	2.329.627	344	311
Vinnulaun	1,00	6.249.438	0,10	624.944	0,35	2.187.303	312	292
Almennar ræstivörur		31.000		31.000		93.000	16	12
Búnaður		32.324		32.324		49.324	16	7
Stjórnun og skrifstofa			0,00	1.246.576	0,00	6.137.940	623	818
Stjórnun og skrifstofufólk				1.246.576		6.137.940	623	818
Félagsstarf, föndur, viðburðir ofl.			0,00	200.000	0,00	750.000	100	100
Vinnulaun		0		0		0	0	0
Annar kostnaður		25.000		200.000		750.000	100	100
Ýmis rekstrarkostnaður				4.417.661		14.566.870	2.209	1.942
Endurmenntun, þjálfun		45.272	1,71	77.416	4,15	187.881	39	25
Ábyrgðartrygging		3.886		31.085		116.568	16	16
Hugbúnaðarleiga - sögukerfið		360.243		360.243		360.243	180	48
Akstur		350.022		2.800.179		10.500.670	1.400	1.400
Aðkeypt þjónusta		Skýringar		576.000		984.000	288	131
Persónuverndarfulltrúi		Skýringar		26.172		1.750.000	13	233
Ýmis starfsmannakostnaður		49.567		84.759		205.701	42	27
Annar rekstrarkostnaður		38.484		461.808		461.808	231	62
Önnur stoðsvið			0,15	929.976	0,50	3.099.920	465	413
Iðjuþjálfun	1,00	10.147.429	0,00	0	0,00	0	0	0
Sjúkraþjálfun	1,00	10.147.429	0,00	0	0,00	0	0	0
Böðun	1,00	6.199.839	0,15	929.976	0,50	3.099.920	465	413
Eignakaup (afskriftir tækja og búnaðar)				402.465		1.455.618	201	194
			1,71	21.784.530	4,15	64.305.671	10.892	8.574
Annað				1.089.226		3.215.284	545	429
Ýmislegt ófýrirséð		5,00%		1.089.226		3.215.284	545	429
				22.873.756		67.520.954	11.437	9.003
TEKJUR								
Heildartekjur		6.895		13.790.000		51.712.500	6.895	6.895
Daggjöld frá Sí		5.720		11.440.000		42.900.000	5.720	5.720
Hlutur notanda		1.175		2.350.000		8.812.500	1.175	1.175
			1,71	-9.083.756	4,15	-15.808.454	-4.542	-2.108
Fasteignir, umsjón og rekstur				7.623.840		28.589.400	3.812	3.812
Leiga á húsnæði		3.000		8.640.000		32.400.000	4.320	4.320
- húsnæðisgjald (365 dagar)		-348		-1.016.160		-3.810.600	-508	-508
		0		0		0	0	0

Til hliðsjónar þessari áætlun er notast við nýjustu „drög“ (5. útgáfu) að Kröfulýsingu fyrir dagdvalarrými.

	Grunnur	Stærð dagdvalar			8	30		
		8	30	Daggjald	Daggjald			
Fjöldi dagdvalardaga ársins	250	2000	7500					
GJÖLD								
Launakostnaður í umönnun:								
Hjúkrunarfræðingar	1,00	11.583.840	0,10	1.158.384	0,30	3.475.152	579	463
Sjúkraliðar	1,00	7.475.889	0,60	4.485.533	1,00	7.475.889	2.243	997
Félagsliðar	1,00	7.129.815	0,46	3.279.715	1,00	7.129.815	1.640	951
Starfsfólk í aðhlyningu	1,00	6.199.839	0,30	1.859.952	1,00	6.199.839	930	827
Samtals launakostnaður í umönnun			1,46	10.783.584	3,30	24.280.696	5.392	3.237

1. Vinnulaun.

Grunnur launaáætlunar er meðaltals dagvinnulaun hjá ríkinu sem gefin eru út af fjármálaráðuneytinu. Nýjustu tölur úr þeirri töflu fyrir hvert stéttarfélag eru teknar og framreiknaðar fyrir árið 2018. Það er tekið tillit til launahækkana sem þegar hefur verið samið um í kjarasamningum eins og 3% hækkun frá 1. júní 2018. Einnig er tekið mið af sérstöku samkomulagi sem Stéttarfélagið Efling hefur gert við ríkið þar sem annars vegar er samið um sérstakan lífeyrisauka sem tók gildi frá og með 1. júní 2017 og hins vegar launahækkunar vegna launaþróunartryggingar sem nemur 1% hækkun á launatöflu og 0,2% af heildarlaunum starfsmanna hvarrar stofnunar, sem útfærast frekar í stofnanasamningi Eflingarfólks. Eitthvert samkomulag liggur líka fyrir vegna launaþróunartryggingar til BSRB fólks en var ekki til staðar þegar þessi útreikningur fór fram og því vantar einhverja leiðréttingu vegna þess.

Fjöldi stöðugilda sem notast er við er í samræmi við raunverulega mönnum á sambærilegum rekstrareiningum og hér eru stillt upp.

Starf hjúkrunarfræðings er einungis hugsað sem faglegt stjórnunar og ábyrgðarstarf.

Ekki er gert ráð fyrir launakostnaði vegna læknis í þessari áætlun.

Fæðiskostnaður		0,00	3.116.000	0,00	11.685.000	1.558	1.558
Hádegisverður	1.133		2.266.000		8.497.500	1.133	1.133
Morgunverður og kaffimeðlæti	425		850.000		3.187.500	425	425

2. Fæðiskostnaður.

Hádegisverður tekur mið af tilboðsverði frá framleiðslueldhúsi. Morgunverður og kaffimeðlæti tekur mið af rekstrartölum frá nokkrum rekstrareiningum og er útbúinn á staðnum af starfsfólki dagdeildarinnar.

Ræsting		0,10	688.268	0,35	2.329.627	344	311	
Vinnulaun	1,00	6.249.438	0,10	624.944	0,35	2.187.303	312	292
Almennar ræstivörur		31.000		31.000		93.000	16	12
Búnaður		32.324		32.324		49.324	16	7

3. Ræsting.

Samkvæmt kjarasamningi Eflingar er hækkun á launatöflu 1,8% á töxtum fyrir ræstingu. Sú hækkun er sett hér inn. Aðrir kostnaðarliðir eru ræstivörur og stofnbúnaður eins og ræstivagn og ræstitæki og tekið tillit til fyrningar og hlutfallslegrar notkunar á hvorri einingu fyrir sig.

Stjórnunarstaða	Laun		Stöðugildi		Hjúkrunarheimili	
	Laun	Laun með launatgj.	30	60	30	60
Framkvæmdarstjóri	1.700.000	2.097.290	0	1	0	25.167.480
Framkvæmdarstjóri hjúkrunar	1.050.000	1.436.085	1	1	17.233.020	17.233.020
Fjármálastjóri/skrifstofustjóri	950.000	1.299.315	1	0	15.591.780	
Skrifstofufólk			2	2	32.824.800	42.400.500
Bókari	530.000	724.881	0,5	0,8	4.349.286	6.958.858
Launafulltrúi	530.000	724.881	0	0,8	0	6.958.858
Alm. Skrifstofustarf	530.000	653.861	0,3	0,5	2.353.900	3.923.166
Læknaritari	470.000	579.839	0,2	0,3	1.391.614	2.087.420
			1	2,4	8.094.799	19.928.302
			3	4,4	40.919.599	62.328.802

Stjórnun og skrifstofa			0,00	1.246.576	0,00	6.137.940	623	818
Stjórnun og skrifstofufólk				1.246.576		6.137.940	623	818

4. Stjórnun og skrifstofa.

Þegar kemur að yfirstjórn og skrifstofu þá geta þessar tvær rekstrareiningar verið mjög ólíkar. 8 rýma eining er í flestum tilfellum tilheyrandi annari stærri rekstrareiningu eða sækir í þjónustu af þessu tagi til skrifstofu og yfirstjórnar sveitarfélags eða félagasamtaka og stjórnar þeirra. Það er því eðlilegra að taka hlutfallslegan kostnað af þessum lið miðað við 60 rúma eininguna í töflunni hér að ofan og verður þá kostnaður pr. rými kr. 155.822.

Á 30 rýma einingunni er hinsvegar horft til þess að hún er sjálfstætt rekinn og tekur þá mið af 30 rúma einingunni í töflunni og þá verður kostnaður pr. rými kr. 204.598. Þessa þjónustu getur einingin leyst að hluta með aðkeyptri þjónustu t.d. vegna bókhalds og launavinnslu.

Félagstarf, föndur, viðburðir ofl.			0,00	200.000	0,00	750.000	100	100
Vinnulaun		0		0		0	0	0
Annar kostnaður		25.000		200.000		750.000	100	100

5. Félagstarf, föndur, viðburðir ofl.

Keyptar eru ýmisskonar föndurvörur, málning, pappír, efnisstrangar ofl., til þess að notendur fái tækifæri til sköpunar og tólmstunda.

Einnig eru listamenn fengnir til þess að spila og syngja notendum til dægrastyttingar. Sumir listamenn gefa reyndar þjónustu sína í einhverjum tilfellum.

Ýmis rekstrarkostnaður				4.417.661		14.566.870	2.209	1.942
Endurmenntun, þjálfun		45.272	1,71	77.416	4,15	187.881	39	25
Ábyrgðartrygging		3.886		31.085		116.568	16	16
Hugbúnaðarleiga - sögukerfið		360.243		360.243		360.243	180	48
Akstur		350.022		2.800.179		10.500.670	1.400	1.400
Aðkeypt þjónusta	Skýringar			576.000		984.000	288	131
Persónuverndarfulltrúi	Skýringar			26.172		1.750.000	13	233
Ýmis starfsmannakostnaður		49.567		84.759		205.701	42	27
Annar rekstrarkostnaður		38.484		461.808		461.808	231	62

6. Ýmis rekstrarkostnaður.

Endurmenntun og þjálfun er hluti af starfsmannastefnu herrar stofnunar og ítrekað í Kröfúlýsingunni nauðsyn þess að starfsmenn njóti aðgengis að slíku.

Ábyrgðartrygging er trygging vegna hugsanlegs tjóns gagnvart notendum þjónustunnar.

Hugbúnaðarleiga er kostnaður við leigu á Sögukerfinu en áhersla er lögð á sjúkraskráningu notenda ásamt atvikaskráningu og samskiptum við heilsugæslu og heimahjúkrun.

Akstur getur verið mjög breytileg stærð í þessum rekstri en mjög skýrt er kveðið á um það að kostnaður við akstur sé innifalinn í daggjaldinu. Hér er tekið mið af 6 rekstrareiningum og fundið út meðaltal. Kostnaður vegna aksturs fór hæst í kr. 1.917 á rekstrareiningu en lægst í kr. 1.049. Meðaltalið á þessum 6 einingum er kr. 1.400.

Aðkeypt þjónusta í þessum lið er kostnaður við aðkeypta næringarráðgjöf og endurskoðun og ársuppgjör rekstrar.

Persónuverndarfulltrúi er nýr kostnaðarliður sem kemur til af persónuverndarlögum sem taka gildi frá og með 25. maí nk. Hér er um verulegan útgjaldaauka að ræða, bæði sem einskíptiskostnað sem og árlegan kostnað. Varðandi 8 rýma eininguna þá höfum við sett hana þannig fram í þessari áætlun að hún sé hluti af stærri einingu og þessvegna er settur inn í áætlunina hlutfallslegur kostnaður vegna þessa. 30 rýma einingin sleppur hinsvegar ekki og því verður til kostnaður á þeirri einingu. Kostnaðarskiptingin í þessum lið er þannig að gert er ráð fyrir einskíptiskostnaði kr. 1.000.000, en árlegum kostnaði samkvæmt samningi við þjónustuaðila kr. 750.000.

Önnur stoðsvið			0,15	929.976	0,50	3.099.920	465	413
Iðjuþjálfun	1,00	10.147.429	0,00	0	0,00	0	0	0
Sjúkraþjálfun	1,00	10.147.429	0,00	0	0,00	0	0	0
Böðun	1,00	6.199.839	0,15	929.976	0,50	3.099.920	465	413

7. Önnur stoðsvið.

Í þessari töflu er settur inn launakostnaður við iðjuþjálfun og sjúkraþjálfun. Þó er þessi kostnaður ekki færður út í rekstraráætlunina þar sem kröfulýsingin gerir frekar ráð fyrir þessu sem valkosti í almennri dagdvöl en áhersla lögð á að þessir þættir komi inn í sérhæfða dagdvöl. Böðun - Nýr liður er settur hérna inn, sem fram að þessu hefur fallið inn í föst stöðugildi dagdvalarinnar. Þetta er gert núna til þess að leggja áherslu á að þessi þáttur er mjög vaxandi. Kröfulýsingin gerir ráð fyrir því að notendur eigi rétt á böðun í dagdvöl en mjög misjafnt hversu margir hafa nýtt sér það. Nú hinsvegar er vaxandi krafa frá heimahjúkrun að böðun fari fram reglulega í dagdvöl sem auðveldar heimahjúkrun og heimahlyningu störfina. Samspil þessara þjónustupátta þurfa að spila vel saman til þess að auðvelda notendum sem lengst möguleikan á því að búa heima. Það er því fyrirsjáanlegt að hérna verður veruleg aukning sem krefst fjölgunar stöðugilda. Að baða einstakling getur verið krefjandi og erfitt og ekki sjálfgefið að það dugi í öllum tilfellum einn starfsmaður við verkefnið.

Eignakaup (afskriftir tækja og búnaðar)				386.065		1.422.818	193	190
---	--	--	--	---------	--	-----------	-----	-----

8. Eignakaup/stofnkostnaður.

Á öftustu síðu er tafla sem sýnir sundurliðun húsbúnaðar og tækjabúnaðar, ásamt fyrningu hvers búnaðar fyrir sig. Í töflunni kemur fram að fyrning þessa búnaðar þarf ekki alltaf að vera sá sami á 8 rýma einingu og 30 rýma einingu. Minni einingin á meiri möguleiga á því að ná betur utan um umgengni og færri einstaklingar sem vinna með þennan búnað. Það á í einhverjum tilfellum að lengja líftíma búnaðarins.

Annað				1.088.406		3.213.644	544	428
Ýmislegt ófyrirséð		5,00%		1.088.406		3.213.644	544	428

9. Annað.

Hérna er reiknað með 5% jöfnun vegna ófyrirséðra þátta sem alltaf geta fallið til. Má t.d. benda á umfram dagdvalir sem sérstaklega er fjallað um í kaflanum um tekjur. Akstur getur verið mjög sveiflukenndur eins og bent er á í kaflanum um ýmsan rekstrarkostnað.

TEKJUR								
Heildartekjur		6.895		13.790.000		51.712.500	6.895	6.895
Daggjöld frá Sí		5.720		11.440.000		42.900.000	5.720	5.720
Hlutur notanda		1.175		2.350.000		8.812.500	1.175	1.175

10. Tekjur.

Tekjur eru skráðar eins og daggjöld eru samkvæmt gjaldskrá fyrir árið 2018 og miðast við 100% nýtingu plássá í 250 daga á ári. Það getur verið veruleg kúnt að ná fram nákvæmlega 100% nýtingu og oft sitja þessar rekstrareiningar uppi með það að hafa verið með fleiri dagdvalir á ári. Það að fara umfram 100% nýtingu er hinsvegar aldrei greitt af ríkinu.

11. Fasteignakostnaður.

Fasteignir, umsjón og rekstur								
Leiga á húsnæði		3.000		8.640.000		32.400.000	4.320	4.320
- húsnæðisgjald (365 dagar)		-348		-1.016.160		-3.810.600	-508	-508
		0		0		0	0	0

Þessi kostnaðarliður er tekin út úr rekstraryfirlitinu og tekin sér, þar sem ekki hefur verið samið um hann svona fram settan. Ríkið greiðir kr. 348 pr. dag (365 daga) í húsnæðisgjald. Í Kröfulýsingu er tekið fram að þessi liður eigi að standa straum af viðhaldi húsnæðis. Margar rekstrareiningar eru með starfsemi sína í leiguhúsnæði og sér þá eigandi fasteignar um viðhald og önnur gjöld af fasteigninni. Það er hinsvegar ljóst að húsnæðisgjaldið nær enganvegin að greiða eðlilegan húsnæðiskostnað í formi húsaleigu. Hér í töflunni er sett upp húsaleiga í samræmi við bestu upplýsingar sem við höfum fengið. Á móti er síðan dregið frá húsnæðisgjaldið frá ríkinu og sést hver mismunurinn er. Í dálkunum tveimur lengst til hægri er húsnæðisgjaldið sett inn miðað við 250 daga á ári til að samræma það við daggjaldið sem greitt er í 250 daga. Kostnaðurinn reiknast hinsvegar út frá kr. 348 x 365 daga eins og ríkið útfærir þessar greiðslur í dag.

Skýrsla þessi er unnin af Árna Sverrissyni og Sigurjóni Þórðarsyni frá Nolta ehf. Gögn eru fengin frá Sjúkratryggingum Íslands, Hrafnistu, Sólvangi og fleiri aðilum.

Stofnkostnaður fyrir dagdvöl

Húsbúnaður og tækjabúnaður

Búnaður:	Grunnverð	Stofnkostn. 8 rými		Stofnkostn. 30 rými		Afskrift í árum 8	Afskrift í árum 30	Árleg fyrning 8	Árleg fyrning 30
Hvíldarstólar	115.000	920.000	8	2.990.000	26	7	5	131.429	598.000
Borð	55.000	110.000	2	275.000	5	10	7	11.000	39.286
Stólar	17.000	136.000	8	510.000	30	8	5	17.000	102.000
Sófar 3ja sæta	180.000	180.000	1	540.000	3	8	5	22.500	108.000
Sófaborð	55.000	55.000	1	165.000	3	10	7	5.500	23.571
Sófastólar	50.000	150.000	3	450.000	9	7	5	21.429	90.000
Útvarp	22.500	22.500	1	45.000	2	5	3	4.500	15.000
Sjónvarp	150.000	150.000	1	300.000	2	7	5	21.429	60.000
Skjávarpi	114.000	0	0	114.000	1	0	5	0	22.800
Hljóðnemi / kerfi	59.900	0	0	59.900	1	5	3	0	19.967
Aðstaða stjórnanda									
Skrifborð	149.000	149.000	1	149.000	1	10	7	14.900	21.286
Skrifborðsstóll	55.500	55.500	1	55.500	1	10	5	5.550	11.100
Tölva	180.000	180.000	1	360.000	2	5	5	36.000	72.000
GSM sími	80.000	80.000	1	160.000	2	3	3	26.667	53.333
Prentari	34.900	34.900	1	34.900	1	5	5	6.980	6.980
Kaffivél	79.900	79.900	1	79.900	1	5	5	15.980	15.980
Uppþvottavél (iðnaðar)	390.000	0	0	390.000	1	0	5	0	78.000
Uppþvottavél heimilis	99.000	99.000	1		0	8	0	12.375	0
Brauðrist	10.995	10.995	1	21.990	2	5	3	2.199	7.330
Ískápur	89.000	89.000	1	89.000	1	8	5	11.125	17.800
Helluborð	12.900	12.900	1	12.900	1	8	5	1.613	2.580
Örbylgjuofn	36.500	36.500	1	36.500	1	5	3	7.300	12.167
Ýmislegt	6.500	6.500	1	6.500	1	5	3	1.300	2.167
Borðbúnaður:									
Hnífapör	1.500	18.000	16	60.000	50	7	5	2.571	12.000
Borðbúnaður	2.200	35.200	16	110.000	50	7	5	5.029	22.000
Borðbúnaður annar	5.920	11.840	2	47.360	8	7	5	1.691	9.472
Sturtustólar	82.000	82.000	1	164.000	2	5	5	16.400	32.800
		2.158.828		5.493.848				402.465	1.455.618

Gert er ráð fyrir baðaðstöðu inni í húsaleigu og miðað er við sturtuáðstöðu en ekki baðkór.